

Breytingar á fæðuvali minks á Snæfellsnesi á árunum 2001-2009

Minkurinn (*Neovison vison*) slapp fljótlega úr haldi eftir að hafa verið fluttur til landsins árið 1931 til ræktunar og hafði numið

láglendissvæði um land allt um 1975. Veiðitölur benda til að stofninn hafi haldið áfram að stækka, þó með nokkrum sveiflum, allt til 2003 en hafi þá dregist verulega saman (1. mynd). Mælingar Náttúrustofu Vesturlands á stofnstærð

minks á Snæfellsnesi haustin 2001, 2002 og 2006 benda til að þar hafi honum fækkað verulega á árunum 2002-2006 (Róbert A. Stefánsson o.fl. 2008). Fækkunin frá 2003 er lengsta samfellda niðursveiflan og sú dýpstá frá upphafi. Ekki er hægt að skýra hana með breyttri sókn nema að mjög litlu leyti (Páll Hersteinsson o.fl. 2012).

Refastofninn á Íslandi hefur hins vegar stækkað stöðugt síðan á sjöunda áratugnum, þegar hann var í lágmarki (Páll Hersteinsson 2004) (1. mynd).


Náttúrustofa Vesturlands hefur fengið send minkahræ til rannsókna frá veiðimönnum í gegnum árin og m.a. tekið úr þeim maga og vefjasýni til frekari greiningar. Árið 2008 hófust rannsóknir, sem síðar voru m.a. styrktar af Veiðikortasjóði, til að kanna hvort breytingar hefðu orðið á fæðu minks á Snæfellsnesi á árunum 2001-2009. Greind voru magasýni úr 662 minkum

en einnig var hlutfall þungra stöðugra samsætna niturs og kolefnis (stable isotopes) mælt í vefjum og beinum. Stöðugar samsætur í vefjasýnum gefa grófa mynd af fæðu minks mánuð aftur í tímann og bein allt að ár aftur í tímann. Þessi aðferð býður

m.a. upp á að meta hlutfall hafrænnar fæðu minks, sem erfitt er að meta með fæðugreiningu einni því margar bráðartegundir minks sækja fæðu sína bæði á land og í sjó.

Fæðuval minks var mjög fjölbreytt og mismunandi eftir búsvæðum, árstíðum og kyni en læður éta

Náttúrustofa Vesturlands hefur fengið send minkahræ til rannsókna frá veiðimönnum í gegnum árin og m.a. tekið úr þeim maga og vefjasýni til frekari greiningar.



1. mynd. Fjöldi veiddra minka og refa árin 1960-2011. Mynd 2 er á bls 38.



hlutfallslega talsvert meira af fiski en steggir en þeir éta aftur á móti meira af fuglum en læður (Rannveig Magnúsdóttir o.fl. 2012). Magainnihald dýranna minnkaði er leið á tímabilið, sérstaklega hjá steggjum, og jafnframt lækkaði hlutfall fugla í fæðunni (2. mynd). Niðurstöður benda til þess að fæðuframboð minks á Snæfellsnesi hafi minnkað síðustu ár samhliða fækkun í stofninum. Þá virðast steggir hafa leitað minna í hafræna fæðu seinni hluta tímabilsins. Grunnorsakir stofnbreytinganna síðan 2003 eru ekki kunnar en gætu tengst breytingum sem orðið hafa á lífríki hafsins á síðasta áratug, auk stækkunar refastofnsins.

Páll Hersteinsson, Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee 2012. Tilraunaverkefni umhverfisráðuneytisins um svæðisbundna útrýmingu minks í Eyjafirði og á Snæfellsnesi 2007-2009. Skýrsla unnin fyrir Umhverfisráðuneytið. 58 bls.

Páll Hersteinsson 2004. Refur. Bls. 74-85 í: Páll Hersteinsson (ritstj.): Íslensk spendýr. Vaka-Helgafell, Reykjavík.


Rannveig Magnúsdóttir, Róbert A. Stefánsson, Menja von Schmalensee, David W. Macdonald og Páll Hersteinsson 2012. Habitat- and sex-related differences in a small carnivore's diet in a competitor-free environment. Eur. J. Wildlife. Res., 58, 669.

Róbert A. Stefánsson, Menja von Schmalensee, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Björn Hallbeck og Páll Hersteinsson (2008). Stofnstærð og vanhöld minks á Snæfellsnesi 2006-2007. Skýrsla unnin fyrir umhverfisráðuneytið. Fjölrit Náttúrustofu Vesturlands nr. 14, maí 2008. 24 bls.



2. mynd. Meðalþyngd fiska, fugla og annarrar fæðu (músa og hryggleysingja) í magainnihaldi A) læðna og B) steggja. Fjöldi sýna á ári er tilgreindur innan sviga. Stjörnur sýna hvar marktækur munur fannst á milli heildarþyngdar magainnihalds milli ára.

Skráning veiðisvæða á veiðiskýrslu



Á veiðiskýrslum er landinu skipt upp í sex veiðisvæði. Afliinn sem skráður er á veiðiskýrsluna er þannig skráður á ákveðinn landshluta. Á meðfylgjandi korti má sjá grófa skiptingu.



Eingöngu koma til greina þau fyrirtæki sem staðist hafa styrkleikamat Creditinfo og uppfylla ströng skilyrði. Bráð ehf er á meðal 1% íslenskra fyrirtækja sem standast þær kröfur.

UMBOÐSAÐILI Á ÍSLANDI

VEIÐIHORNIÐ
SÍÐUMÚLI 8 - SÍMI 568 8410 - VEIÐIHORNID.IS